

Dalvíkurbyggð

Mótt.: 20.10.20

Málsnr.: 202010083

Lykill: 21-80



Dalvíkurbyggð

Katrín Sigurjónsdóttir bæjarstjóri
Ráðhúsi Dalvíkur
620 DALVÍK

Kópavogi, 15. október 2020.

Ágóðahlutagreiðsla 2020

Á síðasta aðalfundi fulltrúaráðs EBÍ var samþykkt að áfram skuli hluti hagnaðar af starfsemi félagsins greiddur til aðildarsveitarfélaganna í formi ágóðahlutar.

Á aðalfundinum var farið mjög ítarlega í fjárfestingastefnu félagsins og stefnumörkun varðandi ágóðahlutagreiðslu til aðildarsveitarfélaga EBÍ.

Þar var áréttar að ætið eigi að taka mið af meginmarkmiðum fjárfestingastefnu EBÍ við ákvörðun endanlegrar greiðslu þar sem lágmarka skal líkur á að höfuðstóll eignasafnsins skerðist við útgreiðslu.

Stjórn EBÍ hefur það að markmiði að útgreiðsla ágóðahlutans minnki líkur á að gengið sé á eigið fé félagsins til lengri tíma og jafni út sveiflur í greiðslu ágóðahlutans. Til að fullnaðga þessum skilyrðum hefur verið litioð til meðalhækkanar eigin fjár síðustu þriggja ára og að öllu jöfnu verði ekki greiddur út lægri ágóðahlutur en 50 milljónir og ekki hærri en 250 milljónir.

Ávöxtun verðbréfasafnsins á síðasta ári var ágæt þannig að ofangreind meðalhækkan eiginfjárins er 70 milljónir. Því ákvað stjórn EBÍ á fundi sínum þann 9. október s.l. að greiddar verði út 70 milljónir til aðildarsveitarfélaganna fyrir árið 2020.

Árið 1998 markaði upphaf ágóðahlutagreiðslna til aðildarsveitarfélaga EBÍ og er það afar ánægjulegt að vita til þess að á núvirði hafa verið greiddar út úr félaginu tæpir **7 milljarðar** á þessu tímabili.

Hlutdeild sveitarfélagsins í Sameignarsjóði EBÍ er 1,684 % og greiðsla ársins þann 27. október verður þá hlutfall af kr. 70 milljónum eða kr. **1.178.800.-**

Aðstæður á fjármálamörkuðum hafa ekki alltaf verið hagfелdar en þrátt fyrir það mun félagið áfram hafa það að leiðarlíði að vera traustur bakhjalr í forvarnarstarfi í brunamálum og að ávöxtun félagsins renni til aðildarsveitarfélaganna, íbúum þeirra til hagsbóta.

Með bestu kveðju,

Anna Sigurðardóttir
Framkvæmdastjóri EBÍ.